

Águst Ólafur Georgsson

Um aldaraðir var nýting þorskhausa hér á landi í svipuðu horfi uns snöggró úr henni um 1920 og lagðist að mestu niður nokkru síðar. Hausarnir voru aðallega hertir en einnig þekktist að borða þá nýja. Inni í þorskhausnum eru eins konar steinar, *kvarnir*, sem almennt var að hirða, t.d. þegar hausinn var höggvinn upp, en líka hristar eða kroppaðar úr. Þær voru notaðar með ýmsum hætti, meðal annars til lækninga á mönnum og skepnum, sem gjaldmiðill hjá börnum og við spilamennsku. Spil virðast ekki hafa verið flutt til Íslands fyrr en á 16. öld. Snemma tók að bera á andstöðu gegn þeim, og raunar öllum veraldlegum alþýðuskefnum, af hálfu hins lúterska rétttrúnaðar, einkum á 18. öld.

Algengt var að safna þorskvvörnum til þess að hafa sem spilapeninga í *púkki*, en slíkar kvarnir bárust Þjóðminjasafninu 31. ágúst 1992 og eru varðveittar í poka úr boldangi. Gefandinn er Ásdís Jóhannesdóttir frá Efra-Nesi í Stafholtstungum, en þær voru þær notaðar eiththað fram yfir 1930. Sumir geymdu kvarnir sínar svo árum skipti, oft í vettlingum eða sokkum.

Púkkið var eitt vinsælasta spil þjóðarinnar og tíðum spilað á jólum en einnig á gamlárskvöld. Það er þekkt í Evrópu frá því snemma á 16. öld og hér á landi síðan á 18. öld, að minnsta kosti. Spilið gengur út á að vinna það sem í pottinn (*púkkið*) er lagt, en notað er spilaborð, spil og peningar. Löngum var spilaborðið heimatilbúið, oft krítað á borðplötu, en auk kvarna gátu spilapeningarnir verið leir- eða glerbrot, kaffibaunir o.fl. Kvarnir voru enn fremur hafðar sem spilapeningar í ketti, lander og vist.

Óvist er hvort *refskák*, eins og við nú þekkjum hana, hafi tíðkast hér á landi til forna, en í Grettis sögu er getið um *halatafl* og er þær hugsanlega átt við *refskák*. Teflt hefur verið með 13 lömbum og einni tófu að minnsta kosti síðan á fyrri hluta 18. aldar. Skákborðið var lengst af strikað á pappa-

spjald eða rist á fjöl, en sem lömb voru tíðum notaðar þorskvarnir, gimburskeljar o.fl. Refurinn gat verið tálgaður úr ýsubeini, leirbrot eða tala. Tveir tefla og hefur annar tófuna en hinn lömbin. Markmið þess sem þeim stýrir er að króa refinn af meðan hann reynir að drepa sem flest lömbin.

Ásamt refskák var *mylla* vinsælasta taflid hér á landi á 19. öld, en bæði voru lengi meðal algengustu spilaleikja. Í myllu, sem er tveggja manna spil, voru oft notaðar kvarnir, og þá litaðar dökkar fyrir annan aðilann, en hvor um sig hafði 9 taflmenn. Einneig voru brúkaðar tölur eða glerbrot í sama skyni. Taflborðið var yfirleitt strikað á pappa en stundum á tré. Mylla er meðal elstu borðspila í heimi og þekkt á Norðurlöndum a.m.k. síðan á víkingaöld. Afbrigði af myllu eru svikamylla, krossmylla og rennihestur.

Í svo kölluðum *getringaleik*, eða að *getrast*, voru oftast notaðar kvarnir, og þá nefndar *getrur*, en stundum gimburskeljar, glerbrot, kaffibaunir eða annað sem til fél. Oftast tóku tvö börn þátt í leiknum en gátu þó verið fleiri. Annar aðilinn faldi svo eða svo margar kvarnir í lófa sínum og sagði um leið „*gettu sanns*“ eða „*gettu í lófa karls, karls.*“ Hvolfdu sumir lófunum saman og létu hringla vel í, en aðrir ekki. Hinn aðilinn átti að geta um hve margar kvarnir væri að ræða. Nefndi hann rétta tölu eignaðist hann þær þar með. Í afbrigði af leiknum, ef getið var rangt, átti sá sem það gerði að greiða mismun talnanna. Segja sumir að skakka mætti einum til þremur kvörnum af eða á.

